

62. gr.

Svo fljótt sem verða má skulu allar kvittanir frá bankanum vera vélstimplaðar og undirritaðar af gjaldkera. Slíkar kvittanir eru fullgild staðfesting á greiðslum.

VIII. KAFLI

Iðnlánasjóður.

63. gr.

Samkvæmt sérstökum samningi annast Iðnaðarbankinn umsjá og rekstur Iðnlánasjóðs. Um Iðnlánasjóð fer að öðru leyti eftir sérstökum lögum, sem um hann gilda, og reglugerðum og fyrirmælum sem sett kunna að vera af ráðherra eða stjórn sjóðsins.

64. gr.

Breytingar á reglugerð þessari má einungis gera á aðalfundi Iðnaðarbankans, enda staðfesti ráðherra þær.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h. f., hinn 5. apríl 1975.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. **Sigurður Kristinsson.** **Magnús Helgason.**

Páll Sigurðsson. **Haukur Eggertsson.**

Framanrituð reglugerð staðfestist sem reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f., nr. 185 9. nóv. 1962 sbr. breyting á seinni reglugerð frá 17. apríl 1970 nr. 73/1970.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Árni P. Arnason.

23. september 1975.

Nr. 436.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Seltjarnarness nr. 313 11. október 1974.

a-liður 4. gr. orðist þannig:

fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 060.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1975.

F. h. r.

Árni P. Arnason.

Jóhannes Guðfinnsson.